

## GJALDSKRÁ

### Búnaðarsamtaka Vesturlands.

## 1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er eftirfarandi:	kr.
gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.400
gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	1.850
gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.200
gjald fyrir sæði úr holdanauti	1.200
Heimsóknargjald vegna sæðinga	800

## 2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 3.600 pr. klst.
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV	kr. 8.500 pr. klst.
Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 0

## 3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

## 4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er staðfest af ráðherra með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
Arnór Snæbjörnsson.